



Margt var um manninn í opnunarteiti Miðbarsins sl. fimmtudag. Mynd: Steinn Vignir.

Miðbar opnaður í miðbæ Selfoss

Skemmtanapýrstir Sunnlendingar geta sannarlega glaðst yfir því að langþráður og glæsilegur Miðbar opnaði dyr sínar fyrir öllum 20 ára og eldri í samkomuhúsinu Friðriksgáfu við Brúartorg á Selfossi sl. fimmtudag. Miðbar er sem stendur á tveimur hæðum en í ágúst kemur tónleikastaðurinn Sviðið til með að opna í kjallaranum.

„Í Miðbar munum við sýna

frá öllum helstu íþróttaviðburðum, gestir geta gætt sér á svalandi drykkjum, hlustað á trúbdora, sungið í karaoke og hægt verður að leigja veislusal á efstu hæðinni fyrir einkasamkvæmi. Við erum kampakát með að geta loksins boðið fólk velkomið til okkar og erum spennandi fyrir opnunarhelginni.“ sagði Hlynur Friðfinnsson framkvæmdastjóri Miðbars sl. fimmtudag.

„Opnunartímar Miðbars verða á fimmtudögum kl. 15-01, föstudögum kl. 15-03, laugardaga kl. 12-03 og sunnudaga kl. 12-22 og svo auðvitað ef það er leikur eða Eurovision eða einhver sjónvarpsviðburður sem er ekki á auglýstum opnunartíma komum við til með að hafa opið.“ segir Hlynur að lokum.

Geir Sveinsson verður bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Meirihluti bæjarstjórnar mun leggja fram tillögu á næsta bæjarstjórnarfundum að Geir verði ráðinn sem bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og mun hann hefja störf í upphafi ágústmánaðar en ráðningarsamningur við Geir tekur formlega gildi þegar hann hefur verið staðfestur af næsta bæjarráðsfunði og birtur opinberlega í kjölfarið.

Geir er fæddur 1964 og hefur verið sjálfstætt starfandi síðustu tvö ár. Hann er með MBA-próf frá Háskóla Íslands auk menntunar í markaðssetningu á netinu og meistaraþráðu í þjálfun. Geir er Íslendingur flestum kunnur sem einn af sterkustu landsliðsmönnum Íslands í handbolta en hann þjálfaði íslenska landsliðið um tíma og hefur sinnt þjálfun og stjórnun í Þýskalandi síðustu ár.

„Auk menntunar og reynslu Geirs er hann öflugur leiðtogi og hefur farsæla reynslu af því að vinna með fólki. Það er ekki síst sá hæfileiki sem við leitumst eftir í fari bæjarstjóra. Við erum full tilhlökkunar vegna komandi verkefna og samstarfs og bjóðum Geir og fjölskyldu velkomin í Hveragerði.“ Segir Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

„Þetta var erfitt val og margar umsóknir mjög góðar en við erum afskaplega ánægð með ráðninguna. Að öllum umsækjendum ólöstum



Geir Sveinsson, verðandi bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

þá hefur Geir þá kosti sem við leitumst að í fari bæjarstjóra. Geir hefur sýnt það og sannað að hann er leiðtogi, markmiðadryginn en umfram allt hefur hann sterka sýn og mikinn metnað. Við erum ákaflega spennast að takast á við verkefnið sem bíða okkar með Geir í brúnni.“ segir Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar.

„Ég er nýjum meirihluta Hveragerðisbæjar mjög þakklátur fyrir það traust og tækifæri sem mér hefur verið sýnt. Ég mun í góðu samstarfi við alla bæjarfulltrúa og starfsfólk Hveragerðisbæjar leggja mig allan fram við að gera góðan bæ enn betri. Tækifærin eru fjölmörg og spennandi tímar framundan í ört vaxandi og kraftmiklu sveitarfélagi sem Hveragerðisbær er.“ segir Geir Sveinsson.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fosnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Einbýlishús innst í botnlanga, fjögur svefnherbergi, bílskur, suðurgarður og heitur pottur

Gimli fasteignasala kynnir í einkasölu: Lyngheiði 10 í Hveragerði. Um er að ræða 188,8 fm einbýlishús, þar af 48,8 fm bílskur. Að innan telur eignin forstofu, fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús, sjónvarpshol, baðherbergi, gestasnyrting, þvottahús og bílskur. Virkilega góð staðsetning, gróinn garður og er eignin innsta hús í botnlanga miðsvæðis í Hveragerði.

Skipti á minni eign kemur til greina.

Nánari upplýsingar veita Jón Steinar Brynjarsson, aðstoðarmaður fasteignasala, í síma 773 4557 eða á jonsteinar@gimli.is eða Elín Urður Hrafnberg, löggiltur fasteigna- og skipasali eða sendu fyrirspurn á elin@gimli.is.



Sími 482 1944 selffoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is Eyravegur 25, Selfoss



Þetta mun allt ganga upp að lokum



Sumarið er tíminn segir í Samnefndu lagi sem Bubbi Morthens syngur. Sumarið er tíminn þegar Íslendingar fara í ferðalög. Sumarið er tíminn þegar fólk ferðast landshorna á milli til þess eins að elta sólina.

Við fjölskyldan tókum þátt í þeim eltingaleik á dögunum. Við ferðuðumst landshorna á milli með hjólhýsið okkar í eftirdragi. Þar sem við keyrðum eftir suðausturströndinni sáum við ferðalanga skipta á sprungnu dekki á bílnum sínum og fundum til með þeim. Stuttu síðar heyrðist skrítið hljóð frá hjólhýsinu okkar. Við stoppuðum bílinn undir þverhnyptu fjalli þar sem var hætta á steina-skriðum og athuguðum málið. Viti menn. Það var ekki bara sprungið dekk undir hjólhýsinu heldur hvelsprungið! Var eitthvað á götunni? Ég veit það ekki.

Þar sem við höfðum lagt bílnum og hjólhýsinu í útkeyrslu á möl var aðeins flóknara en ella að skipta um dekk. Fyrst þurfti að grafa holu til að koma tjakknum

fyrir á föstu undirlagi. Í tjakkinn vantaði svo nógu langa sveif en þá kom vinnafólk okkar með verkfæri úr bílnum sínum og það reddaði málunum. Þegar losa átti dekkið þá vantaði felgulykil í rétttri stærð og þá komu önnur vinnahjón okkar til hjálpar með felgulyklasett. Að lokum náðist að taka dekkið af, setja varadekkið á og græja hjólhýsið til keyrslu. En viti menn. Þá var lint í dekkinu. Ekkert okkar var með pumpu meðferðis en þá kom allt í einu aðsvífandi að heimamaður í bíl frá vegagerðinni. Hann var ekki lengi að redda málunum. Hringdi í vin og svo eltum við hann hægt og rólega að sveitabæ þar sem ungur maður í björgunar sveitarpeysu beið með rafmagnspumpu í hönd. Málinu var reddað!

Útsýnið frá sveitabænum var stórkostlegt og veðrið fallegt. Álfir í þúsundatali syntu um á stóru lóni og minning varð til í huga mér sem mun seint þaðan hverfa. Minning blandinn þakklæti.

Þegar ég hugsa um þessa atburðarrás þá er ég þakklát og sé líka margt sem má læra.

Í fyrsta lagi þá er alltaf kraftur í fjöldanum. Það að við vorum þrjár fjölskyldur saman á ferð og gátum hjálpast að reddaði málunum. Betri eru tveir en einn segir nefnilega í góðri bók.

Í öðru lagi þá erum við búin að gera lista yfir hvað vantar í hjólhýsið og bílinn ef svona óhapp skyldi gerast aftur og við gætum ekki treyst á vin.

Í þriðja lagi. Íslendingar standa saman í neyð og það að maðurinn frá vegagerðinni hafi komið akkúrat á þeim tíma sem hann gerði var blessun og mikil hjálp.

Það er í raun ekkert skrítið að við Íslendingar ofnotum máltækið "Þetta reddast".

Þetta reddast

Orðatiltæki sem er notað þegar þú stendur frammi fyrir erfiðum aðstæðum. Þetta reddast þýðir að það mun allt ganga upp að lokum.

Það er bara yfirleitt þannig að allt hefur tilhneigingu til að reddast, blessast og verða góð saga til að segja eftir á. Kæru vinir, kærri vegagerðamaður, kærri björgunarsveitarmaður, takk fyrir að láta þetta reddast!

Gunna Stella

Til að panta tíma í fyrirlestur, heilsu markþjálfun eða ráðgjöf, kíktu þá á www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Fimmtíu ár frá einvígi aldarinnar

Fischerssetrið á Selfossi minntist þess sunnudaginn 10. júlí sl. að 50 ár eru liðin frá „Einvígi aldarinnar“. Það voru þeir Boris Spassky heimsmeistari í skák og áskorandinn Bobby Fischer sem tefldu í Laugardalshöllinni í Reykjavík og úrslitin urðu sigur Fischers eins og kunnugt er. Guðmundur G. Þórarinnson, framkvæmdastjóri einvígisins, á sínum tíma fór yfir söguna og ræddi um þennan einstaka atburð en báðir skákmeistararnir urðu landflóttamenn. „Frelsun Fischers frá Japan var björgunaraðgerð, annars hefði hann dáið í Bandarískufangelsi,“ sagði Guðmundur.

Þeir Helgi Ólafsson og Jóhann Hjartarson fóru yfir nokkrar keppnisskákir frá einvíginu. Jafnframt fóru þeir yfir nýjar upplýsingar um skákborðið fræga, en hingað er kominn spænskur maður að nafni Albert Canagual en hann var í fiski á Íslandi samhliða blaðamenskunámi, og blaðamennsku í einvíginu sjálf, til er einstök mynd af honum við lokaskák meistaranna í Laugardalshöllinni sem sannað við hvaða skákborði Fischer vann heimsmeistaratignina.

Kjartan Björnsson ávarpaði fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar. Guðni Ágústsson flutti ávarp og taldi það skildu okkar íslendinga að gera þessum einstaka heimsviðburði sem einvígið var betri skil. Með minnismerki um báða skákmeistarana í Reykjavík við Laugardalshöllina. „Efla enn Fischersetrið sem er einstakt á heimsvísu og heiðra gróf Bobby Fischers í Laugardalakirkjugarði. Fyrst við gátum fyrir 50 árum safnað 200 milljónum af fátækri þjóð til að halda einvígið þá ættum við að geta sýnt þessum einstaka atburði meiri virðingu. Þetta verkefni á einkaframtakið,

ríkið og Reykjavíkurborg að vinna í sameiningu,“ sagði Guðni Ágústsson.



Landeldi hf. hlýtur styrk til að efla hringrásarhagkerfið

Á dögunum veitti Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið styrki sem ætlað er að styðja við verkefni sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi. Markmið styrkveitinganna er meðal annars að stuðla að aukinni endurvinnslu og annarri endurnýtingu úrgangs sem fellur til hér á landi, og eins að efla tækifæri til nýsköpunar og þróunar á búnaði sem dregur úr magni úrgangs.

Eitt þeirra fyrirtækja sem hlaut fullan styrk að þessu sinni var Landeldi hf., sem þessi dægri stendur í stórræðum við byggingu laxeldisstöðvar sinnar vestan við Þorlákshöfn. Þar mun félagið ala 33.500 tonn af laxi á ári þegar fullri vinnslugetu er náð með fullveldi á landi frá hrognum til slátrunar. Landeldi var veittur styrkur til að hanna og þróa lausnir sem gera kleift að safna þeim úrgangi sem til fellur við framleiðsluna og nýta hann til framleiðslu landbúnaða áburðar.

„Við lítum á þessa styrkveitingu sem viðurkenningu á því að Landeldi er á réttri leið með sína nálgun að umhverfisvænni matvælaframleiðslu,“ segir Þorvaldur Arnarsson, verkefnastjóri hjá Landeldi hf. „Umhverfissjónarmið vega gríðarþungt í framtíðarsýn Landeldis og frá upphafi hefur það verið okkar staðfasta stefna að koma auga á þær leiðir sem okkur eru færar til að efla hringrásina innan bláa hagkerfisins. Við höfum leitað allra leiða til að besta allar framkvæmdir og alla ferla til að ná því sem næst jákvæðu kolefnisþori. Með því að endurnýta úrgang úr laxeldinu okkar með þessum hætti viljum við styðja við hringrásarhagkerfið, og ekki síður bændasamfélagið. Landbúnaðarsamfélagið hefur átt á brattan að sækja undanfarið og



Þorvaldur Arnarsson, verkefnastjóri hjá Landeldi hf.

ekki sér fyrir endann á því enn, og það helgast ekki síst af himinháa verði áburðar sem bændur eru nauðbeygðir til að kaupa á herra verði en sést hefur nokkru sinni áður. Við teljum okkur geta orðið að liði þarna með því að taka höndum saman við bændasamfélagið í nærbyggð til að framleiða innlendan gæða-ábúrð úr því sem hingað til hefur einfaldlega verið losað í sjó eða urðað.“

Aðspurður segir Þorvaldur ómetanlegt að njóta þess stuðnings nærsamfélagsins sem og hins opinbera sem Landeldi hefur fundið fyrir. „Það skiptir sköpum. Landeldi er hluti af Ölfus Cluster-verkefninu og hefur okkur verið tekið opnum örmum af samfélagi Ölfuss og notið þaðan fulls stuðnings við hverja beygju, og við leyfum okkur að trúa því að styrkveitingarnar staðfesti að hið opinbera vilji hjálpa okkur að gera sýn Landeldis um fullkomna hringrás næringarefna úr landeldi að veruleika. Eins og einn af þeim sérfræðingum sem að þessu verkefni koma orðaði það: Sea and land - hand in hand. Það er okkar framtíðarsýn,“ segir Þorvaldur Arnarsson, verkefnastjóri Landeldis hf.



Laxeldisstöð Landeldis hf. vestan við Þorlákshöfn. Framkvæmdir eru hafnar og verklok eru áætluð árið 2030.



Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

Traktorاسafn á Ásólfs-skála

Viðar Bjarnason á Ásólfs-skála hefur löngum verið duglegur við að gera upp gamla traktora og hefur haldið þeim vel við. Nú hefur hann ásamt eigin-konu sinni, Þorgerði Jónu Guðmundsdóttur, opnað traktorاسafn í skemmu við bæinn. Þar er hægt að sjá hinar ýmsu gerðir traktora og upplýsingar um þá. Viðar hefur lagt mikla vinnu í uppgerðina og gaman fyrir gesti að koma og sjá gripina.

Í skemmunnni er líka huggulegt horn til að setjast niður og hlustað á orgel þar sem Þorgerður Jóna getur spilað fyrir gesti en hún var organisti og tónlistarkennari til margra ára. Einnig stendur til að setja upp aðstöðu fyrir litla hópa að koma saman og sitja til borðs.

Á Ásólfs-skála búa einnig hjónin Katrín Birna Viðarsdóttir, dóttir Viðars og Jónu, og Sigurður Grétar Ottósson en þau eru með opin landbúnað þannig að hægt er að koma og skoða landbúnaðinn og umhverfið með leiðsögn. Þau Katrín Birna og Sigurður eru einnig með ferða-

þjónustu en hægt er að gista hjá þeim í tveimur sumarhúsum.

Í litlu húsi í garði þeirra Viðars og Jónu hefur listakonan Jana Tomanová aðstöðu en Jana er frá Tékklandi og teiknar

hún m.a. myndir af náttúru Íslands og setur á póstkort, bóka-merki og fl.

Það er því margt skemmtilegt að sjá á bænum og eru allir hjartanlega velkomnir.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTIÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

SELFÓSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



Hjólhýsasvæðið á Laugarvatni

Sagt er að næstum ómögulegt sé að fá stjórnir sveitarfélaga til að breyta samþykktum sínum. Þegar þær hafa samþykkt eitthvað tvisvar ætti það þá að vera alveg ómögulegt. Skrif þessi breyta því varla, því miður. Það þjónar heldur ekki tilgangi því að þó nokkrir hafa selt eigur sínar á rýmingarsölu, gefið eða hent, illu heilli. En það þarf að skrá sögu endaloka hjólhýsasvæðisins á Laugarvatni þannig að ekkert sé dregið undan.

Alþingi reynir að bæta gölluð lög. En sveitarstjórn Bláskógabyggðar breytir ekki vafasömum samþykktum.

Árið 2018 er ráðinn nýr sveitarstjóri í Bláskógabyggð. Haustið 2019 brann hjólhýsi á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni en það tókst að bjarga pallinum. Í maí árið eftir henda gestir á tjaldsvæðinu á Laugarvatni einhverju í ruslagáminn á svæðinu. Það sást til ferða þeirra og sumir telja að líklegast hafi einnota grilli verið hent. Stranglega er bannað að hafa þarna kolagrill og annan opinn eld en gasgrill. Ekki er vit að um aðra bruna þarna sl. 50 ár. Sveitarstjórnin segir í fjölmiðlum að það kvikni í á svæðinu ár eftir ár. Dálítið orðum aukið? Að vísu kviknaði þarna í tvö ár í röð.

Formaður Samhjólís er boðaður á fund sveitarstjórnar til að ræða brunavarnir. Fundinum er frestað. „Þann 2. september 2020 er haldinn fundur um hjólhýsasvæðið. Fundinn sátu sveitarstjórn, sveitarstjóri, slökkviliðsstjóri Ármessýslu, lögregla, byggingarfulltrúi, sviðsstjóri, staðarhaldarar og formaður Samhjólís.

Þann 17. september 2020 tekur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ákvörðun um að loka hjólhýsasvæðinu vegna brunahættu.

Samhjóli gerir sveitarfélaginu tilboð í byrjun október 2020 um að kosta og framkvæma allt sem til þarf til að koma í veg fyrir brunahættuna. Í kjölfarið eru margir fundir og ýmislegt borið á borð fyrir okkur sem hamlar því að sveitarfélagið geti gengið til samninga við Samhjóli, t.d byggingarreglugerð 112/2012 og að það skorti lagaheimild fyrir hjólhýsasvæðum á Íslandi. Við fundum lausnir á því en þá voru bornar fram nýjar ástæður.“ Þessu tilboði var hvorki svarað né hafnað formlega svo að við töldum það vera í athugun. Lögmáður sveitarfélagsins, sem sumarið 2021 fór í

samkeppni um rekstur hjólhýsasvæðis sagði síðar að það ætti að lesa það milli línanna.

Ef ekki eru til lög um hjólhýsasvæði og þess vegna séu þau ólögleg, og að svæðið á Laugarvatni verði rýmt þess vegna, stenst ekki lög. Það er grundvallarregla að sé eitthvað ekki bannað með lögum er það leyfilegt. Að tilstuðlan formanns Samhjólís var samin og gefin út reglugerð um hjólhýsasvæði á Íslandi. Hana vantar ekki lengur.

Nokkur umræða var um málið í fjölmiðlum og sveitarstjóri segir að það sé þó komið til móts við leigjendur á svæðinu með því að ekki þurfi að rýma svæðið fyrr en í lok ársins 2022. Orð skulu standa. Á þessu loforði byggja leigjendur lóða tregðu sína á að fjarlægja eigur sínar. Nokkru síðar neitar hann að hafa sagt það. Eftir áramót fá leigjendurnir bréf frá sveitarstjóra um að sveitarstjórn hafi fengið umboð rekstraráðila til að tilkynna að samningur verði ekki endurnýjaður og rýma þurfi leigusvæði áður en samningur rennur út. Við vonuðum að þessi tvö ár dygðu til að leiða sveitarstjórn á skynsamlega braut.

Opnað var hjólhýsasvæði í Úthlíð vorið 2021, og átti eigandi 50 prósent í Úthlíð einnig þriðjung í Lögmonnum Suðurlandi sem eru lögfræðilegir ráðgjafar sveitarstjórnar í þessu máli. Sveitarstjóri segir þá að ekki sé eðlilegt að sveitarfélag sé í samkeppni við einkaaðila í rekstri. Það er samt alþekkt að sveitarfélög eru í samkeppni við ýmsa landeigendur um nýtingu lands, t.d. í íbúðabyggðar, og sveitarfélagið er ekki í rekstri hjólhýsasvæðisins heldur leigir landið til Fýlsins ehf sem rekur þetta svæði.

Sveitarstjóri segir að ekki sé til deiliskipulag fyrir svæðið með hjólhýsabyggðinni. Til þess að hægt sé að gera deiliskipulag um hjólhýsabyggðina þurfi að rýma svæðið. Það er sem sagt ekki lengur óeðlilegt að sveitarfélag sé í samkeppni við einkaaðila. En hjólhýsasvæðið er á deiliskipulagi og gerð var nákvæm teikning af svæðinu fyrir nokkrum árum. Stundum er deiliskipulag yfir svæði samþykkt eins og svæðið er. Þess teikning hefði ugglaustr fengist keypt. Hvorki lög né reglugerðir krefjast þess að svæði sé rýmt áður en deiliskipulag er gert.

Eftir óvænta og fyrirvaralaus samþykkt sveitarstjórnar haustið 2020 um að loka hjólhýsasvæðinu vegna þess að sveitarstjórn ætlaði ekki að leggja út í kostnað við brunavarnir á svæðinu sögðust hjólhýsaeigendur tilbúnir að greiða þann kostnað. Þessu tilboði var aldrei hafnað, Allnokkru fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 óskaði formaður félags hjólhýsaeigenda á Laugarvatni eftir mati sveitarstjórnar á kostnaði við að gera svæðið þannig úr garði að það teldist viðunandi. Matið var 50 -60 milljónir króna. Leigjendur voru tilbúnir að greiða það gegn því að svæðið yrði starfrækt a.m.k. í 10 ár, enda framlag þeirra hátt í hálfa milljón á hvert staði. Sveitarstjórn ákvað að fresta ákvörðun um það fram yfir kosningar.

Ný sveitarstjórn endurræður sveitarstjórnann og samþykkir að hjólhýsasvæðinu verði lokað. Sveitarstjóri stagast á að sveitarstjórn taki ekki í mál að greiða kostnað við hjólhýsasvæðið (eins og hann viti ekki vel að hjólhýsaeigendur ætlast ekki til þess). Það sé ekki aðgengilegt að afhenda ákveðnum hópi aðgang að takmörkuðum gæðum. Rýma þurfi svæðið til þess að aðrir komist að. Sem sagt ítrekað að ekki sé óeðlilegt að seitarfélag keppi við fyrirtæki í einkarekstri. Það eru takmörkuð gæði að leigja lóð á góðum stað í sveitarfélagi. Samkvæmt túlkun sveitarstjórnars ætti að rýma svæðið lóðir til þess að hægt sé afhenda þær öðrum til að byggja þar nýtt hús eða koma einhverju öðru fyrir þar. Þar af leiðandi: Burt með turnana við sundin blá í Reykjavík, óbætt.

Og ekki voru sömu staðis-leigjendur á svæðinu allan tímann. Lengsti leigutíminn var orðinn 43 ár, en stysti leigutíminn var lítið meira en 43 dagar þegar ákveðið var að loka svæðinu. Það þurfti ekki að þvinga fram endurnýjun.

Í mörg ár hafa leigjendur á hjólhýsasvæðinu valið og verðlaunað fegurstu lóðina til að hvetja til góðrar umhirðu. Það er samt ljóst að ýmislegt mátti betur fara. Aldrei hafa sveitarstjórnir gert athugasemdir en 2013 benti stjórn Samhjólís stjórn sveitarfélagsins á að athuga þyrfti með brunavarnir þar. Ekkert var gert í málinu.

Ef einhverju er ábótavant einhvers staðar að mati stjórnvalda er viðkomandi venjulega bent á

að og gefinn kostur á að bæta úr. En ekki í Bláskógabyggð.

Sveitarstjóri talar um brunhættu. Hann talar eins og fólk þurfi bara að fara. Hann segist skilja að fólk sé sárt og leitt og slæmt sé ef störfum fækkar í sveitarfélaginu. Allir halda að fólkið þurfi bara að fara eins og óvelkomnar túnskjátur úr slægju. Sveitarstjórn virðist aldrei hugsa um að þarna er verðmætum upp á hundruð milljóna í eigu manna sem ekki er mulið undir breytt í hundruð tonna af fúavörðu spitnarusli, trefjaplasi, járndrasli og rafmagnsdóti.

Algengt er að ákvörðun sé tekin í panikk og varin með hundalógikk. Ef eitthvað annað liggur að baki hér er óeðlilegt að það hafi ekki þegar komið fram á heiðarlegan hátt. Í því fælist mikill orkusparnaður og enginn þyrfti að berjast við vindmyllur. Það væri grálynd kímni að fylgjast með formanni Samhjólís eyða tíma, orku og fé án þess að segja orð ef svo væri í pottinn búið. Sveitarstjórn gaf okkur upp áætlaðan kostnað við gera það sem þarf og lét flytja mól á svæðið til

að bera í götur. Furðuleg gráglettni að gefa okkur von um framhald og vísa ákvörðun svo til næstu sveitarstjórnar.

Til þess bær ráðuneyti hafa úrskurðað að sveitarstjórn Bláskógabyggðar sé heimilt að segja upp samningum við hjólhýsaeigendur á Laugarvatni. Okkar tilfinning er að það sé gert bara af því að það sé leyfilegt. Mín persónulega skoðun er, af biturri reynslu, að þessi ákvörðun er andstyggileg og verður ekki jafnað við annað í nútíma íslenski stjórnmalasögu í eðli sínu en þegar vísitölubinding launa var afnumin 1984 með djöfullegum afleiðingum fyrir mörgþúsund manna, en talsvert færri til óhemjumikillar gleði.

Tilvitnanir innan gæsalaппа eru í ummæli Hrafnhildar Bjarnadóttur, formanns Samhjólís við ýmis tækifæri, stundum lesin upp úr fundargerðum félagsins.

Aðalsteinn Geirsson, leigjandi á hjólhýsasvæði á Laugavatni og kominn af Bláskægingum til margra alda.



Lokatónleikar Engla og manna á sunnudaginn

Tónlistarhátíðinni Englar og menn í Strandarkirkju lýkur á sunnudag 24. júlí með tónleikum kl. 14. Þar koma fram tónlistarhjónin Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran og Svanur Vilbergsson gítarleikari. Yfirskrift tónleikanna er „Djúpsins ró“ en á efnisskránni eru íslensk þjóðlög og sönglög m.a. eftir Tryggva M. Baldvinsson. Einnig verður flutt verkið *Hvild* eftir Huga Guðmundsson.

Berta Dröfn og Svanur hafa m.a. komið fram saman á Óperudögum í Reykjavík, Listahátíð Samúels Jónssonar, á Þjóðlagahátíðinni á Siglufríði og á Skriðuklaustri, þar sem þau fluttu nýlega ljóðaflokkinn The Divan of Moses Ibn Ezra eftir Mario Castelnuovo Tedesco í heild sinni. Berta og Svanur eru forsvarsmenn listahópsins Mela sem staðið hefur að fjölmörgum frumflutningum á nýrri tón-



list og ber þar helst að nefna óperuna Ravens Kiss eftir tónskáldið Evan Fein sem sett var upp á Seyðisfirði 2019 og frumflutning á verkinu Nóttn, komin til að vera eftir Friðrik Margrétar - Guðmundsson við ljóð Ingunnar Snædal.

Aðgangseyrir er kr. 3.500. Tónlistarhátíðin er styrkt af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Tónlistarsjóði.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Ég við brauðið orðuð er,
og mig gegnum loftið fer,
ættarnafn á einni frú,
er á fæti, - gettu nú!.

Svar við gátu í blaði 2657: **LYKKJA**
4. Lína: Færi**LYKKJA**, band úr hnappagatinu á buxum og á hnappinum til að ná endum saman



Emilía Huguhrún heldur sína fyrstu tónleika

Emilía Huguhrún heldur sína fyrstu tónleika í Þorlákakirkju þriðjudagskvöldið 26. júlí. Eins og mörgum er kunnugt sigraði Emilía Huguhrún fyrir hönd FSu söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í vor og eflaust margir sem bíða spennir eftir því að heyra

meira frá henni. Með Emilíu Huguhrúnu leikur Tómas Jónsson á hljómborð, þau ætla að flytja fyrir ykkur uppáhalds lög Emilíu Huguhrúnar. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 3000 kr. Miðasala er á Tix.is og við inngang á meðan húsrúm leyfir.



Fit for life – Erasmus+ verkefni Víkuskóla

Ávordögum kláruðu nemendur 9. og 10. bekkjar Víkuskóla Vík í Mýrdal Erasmus+ verkefni sem þeir hafa unnið að síðan haustið 2019. Heiti verkefnisins er „Fit for life“ og er samstarfsverkefni milli Víkuskóla og fjögurra annarra skóla frá Þýskalandi, Póllandi, Grikklandi og á Kanaríeyjum. Áhersluþættir verkefnisins voru heilbrigði og heilsuefning og unnu skólarnir með aðilum úr nærsamfélaginu; foreldrum, skólahjúkrunarfræðingum, frístundastarfsfólki, sálfræðingum, námsráðgjöfum o.s.frv að nálguninni. Þess má geta að Víkuskóli var einnig í góðu samstarfi við félagsmiðstöðina OZ og Kötluasetur í okkar heimabæ, auk þess sem Mýrdalshreppur hefur ætíð stutt vel við verkefnið.

Skólarnir skiptu á milli sín viðfangsefnum sem tengdust heilsuefningu; næring, hreyfing, félagsfærni, menning og hvernig við verðum ábyrgir samfélagsþegnar. Auk þess vann hver skóli fyrir sig verkefni sem fjallaði um hvernig samfélagmiðlar sem og aðrir miðlar geta haft áhrif á líf okkar. Hver skóli bar ábyrgð á að undirbúa og framkvæma ákveðið viðfangsefni með nemendum, bæði heima fyrir og með nemendum í hinum skólum. Þessi vinna fór fram rafrænt á netinu og eins þegar nemendur frá samstarfs-skólum komu í heimsókn til hvors annars. Allir skólar heim-sóttu hvorn annan. Í hverja ferð fóru þrír til sex nemendur og tveir kennarar. Hlutverk Víkuskóla í verkefninu „Fit For Life“ var að skoða og styrkja sjálfsmynd nemenda og vinna með félagsfærni. Þessi vinna var



Nemendur að vinna með óskaveröldina sína. Vík, nóv. 2021

unnin í gegnum hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar*. Unnið var með grunnþarfirnar fimm og það sem innan hugmyndafræðinnar kallast óskaveröldin mín. „Fit For Life“ fékk eins og aðrir að beygja sig undir áhrif Covid-19. Oft setti faraldurinn strik í reikninginn og í tvisgang þurfi að sækja um framlengingu svo hægt væri að fara í nemendaferðir. Í nóvember 2021 birti til og ferðalög voru leyfð og fékk Víkuskóli heimsókn frá hinum skólunum. Stuttu síðar herjaði Covid-19 aftur á og ekki var hægt að ferðast aftur fyrr en í mars 2022. Þá biðu Víkuskóla þrjár nemendaferðir sem ljúka þurftu fyrir maí lok. Segja má að nemendur og kennarar hafi svo sannarlega verið á faraldsfæti þessa síðustu mánuði skólaársins.

Aðalmarkmið Erasmus+ verkefna eru meðal annars að stuðla að alhliða nálgun við kennslu og nám tungumála, þróun á lykilhæfni, auka stafræna þróun og hæfni á þeim sviðum ásamt því að efla sameiginleg



gildi og borgaralega þátttöku. Verkefni sem þessi eru mjög gefandi bæði fyrir starfsmenn og nemendur. Kennarar fá tækifæri til að skiptast á reynslu og góðum vinnubrögðum í kennslu, geta rætt ýmis álitamál varðandi skóla og rýnt til gagns hin ýmsu mál frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur kynnast jafnöldrum sínum frá öðrum löndum, kynnast mismunandi menningarheimum og sjá þá hvað sameinar og hvað greinir að. Verkefni eins og þetta eykur þeim víðsýni og eykur sjálfstraust þeirra, slíkt höfum við séð. Nemendur kynnast líka menningu annarra landa öðruvísi í nemendaferðum en ef þeir væru hefðbundnir ferðamenn. Síðast en ekki hvað síst má ekki gleyma þeim órjúfanlegu vinnuböndum sem myndast bæði milli fullorðina og ungmenna í þessum verkefnum.

Victoria Reinholds dóttir
Umsjónakennari 9. – 10. bekkjar
og verkefnastjóri Erasmus+
Víkuskóla, Vík í Mýrdal



Hópmynd tekin af þátttakendum í Vík í nóvember 2021.



Ég þakka móður minni Sigurínu kærlega fyrir áskorunina. Við eigum margt sameiginlegt og er matseld og bakstur þar á meðal. Sá réttur sem ég er iðulega beðin um að elda þegar ég fæ gesti er kjúklinga fajitas og er uppskriftin eftirfarandi:

Fajitas vefjur

- 4-6 kjúklingabringur
- 1 msk. smjör
- 2 paprikur (ein græn og ein rauð)
- 1 tsk. laukduft
- 1 tsk. hvítlauksduft
- 1/2 tsk. chiliduft
- 1 msk. reykt paprikukrydd
- 1 tsk. cuminduft
- 1 tsk. kókospálmasykur eða púðursykur
- 1 pakki af miðlungs tortilla pönnukökum (t.d. Santa Maria)
- 1 dolla af sýrðum rjóma
- 1 dolla af Santa Maria salsa-sósu
- 1 poki af rifnum osti
- 1 rauðlaukur
- Smá salt

Kjúklingabringurnar eru skornar í strimla og eldaðar í ofni í u.þ.b. 20 mínútur á 200°C. Paprikurnar eru skornar í strimla og steiktar á pönnu í smjörinu þangað til brúnirnar eru orðnar örhlítið brenndar. Kjúklingurinn er settur á pönnuna með paprikunum. Því næst er kryddinu ásamt sykri og salti bætt við og hrært vel. Rauðlaukurinn, salsasósan, sýrði rjóminn og osturinn eru sett í vefju ásamt góðgætinu af pönnunni og voila! Gómsæt fajitas vefja sem flestir elska.

Í eftirrétti vil ég nota sem minnstan sykurlu en það þýðir ekki að rétturinn þurfi að vera óætur. Ég er ekki þekkt fyrir að vera mjög nákvæm í mælingum þegar kemur að bakstri en þessar mælieiningar eru u.þ.b. réttar. Hér er því uppskrift af þrælögðri og lauflettari snickers hráköku!

Snickers hrákaka

4-5 dl mörslur með hýði

Ég skora á mína allra bestu æskuvinkonu og stórbónda hana Vilborgu Rún Guðmundsdóttur að vera matgæðingur vikunnar í næsta blaði. Hún er mikill sækleri og maður verður aldrei fyrir vonbrigðum með matseldina hjá henni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Katrín Rut Sigurgeirsdóttir, er matgæðingurinn þessa viku

- 1 dl heslihnetur
- 1/2 bolli kókosolíu
- 15-20 stk. medjool dökklur (eða venjulegar lagðar í bleyti í sjóðandi vatni í 15 mín)
- 2 msk. smjör
- Sjávassalt
- 2 tsk. vanilludropar
- 1-2 dl salthnetur
- 200 gr. suðusúkkulaði eða sykurlaust dökkt Valor súkkulaði

Möndlunum og heslihnetunum er dreift á ofnplötu og þær ristaðar í ofni á 150° í u.þ.b. 15-20 mín. Mikilvægt er að hræra nokkrum sinnum í þeim á meðan. Hneturnar eru teknar úr ofninum og látnar kólna örhlítið. Svo eru þær muldar í matvinnsluvél ásamt kókosolíu og smá salti. Ekki láta vélina mylja hneturnar of mikið svo þær verði ekki að dufti. Hnetublandan er svo sett í hringlaga smellumót með bókunarpappír í botninum og inn í frysti. Því næst eru steinar fjarlægðir úr medjool dökklunum og þær hitaðar í potti með smjörinu þangað til úr verður þykk drulla. Þá er vanilludropum bætt við og salti eftir smekk. Drullumallið er síðan sett í matvinnsluvél eða blandara og blandað saman þar til að úr verður silkimjúk karamella. Karamellunni er bætt ofan á hnetubotnin og salthnetunum er stráð ofan á og aftur inn í frysti. Þá er súkkulaðið brætt með frjálstri aðferð og svo hellt ofan á kökuna. Best er að geyma hana í ísskáp í nokkra tíma áður en á að gæða sér á henni

Ný störf
auglýst í
hverri viku!

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA
GRÖFUVINNA**
25 ÁRA REYNSLA

Díddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

ÞJÓNUSTA

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 24. júlí kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur,
prestur Gunnar Jóhannesson.

Skálholtsdómkirkja
Messa í Skálholtsdómkirkju kl.
11:00. Sr. Axel Á Njarðvík annast
prestþjónustuna. Verið vel-
komin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 23. júlí.
Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12 með ræðu hefur Elías
Theódórsson. Verið velkomin.

HEILSA

**Nudd –
Svæðanudd**
Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavöðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

prentmet
heilðarlausnir í prentun

GRÖFUÞJÓNUSTA



Tek að mér ýmis verk. Er með
traktorsgröfu og vörubíl.
Nánari upplýsingar hjá
Guðmundi í síma 650 5038.



Myndir: Roberto

Kjarr restaurant hefur opnað á Klaustri

Veitingastaðurinn Kjarr res-
taurant opnaði á Kirkju-
bæjarklaustri 17. júní 2022 með
því að öllum íbúum var boðið í
kaffi og tertu. Mjög margir þáðu
boðið og var greinilegt að fólk
kunni vel að meta að sjá gisti-
húsið, eða gamla hótelið, fá nýtt
líf. Margir eiga góðar minningar
úr þessu húsi sem var reist 1938
af fjölskyldu Lárusar Helga-
sonar og Elínar Sigurðardóttur
á Klaustri. Hótelið þjónaði
gestum til ársins 1994 þegar
öll starfsemin fluttist á Hótel
Klaustur. Frá árinu 1997 var
Kirkjubæjarstofa með sína starf-
semi í húsinu en flutti í efri hæð
heimavistarálmu Kirkjubæjar-
skóla á Síðu í febrúar 2021.

Kjarr restaurant býður upp á
mat af matseðli frá hádegi og til
kvölds ásamt því að um miðjan
daginn má kaupa léttu rétti og
kaffi. Veðursæld er rómuð við
Systrafoss og kann fólk vel að
meta að geta setið úti á palli í
sólnni og skjólinu.

Eigendur Kjarr eru þau Bald-
vin Lár Benediktsson, Lárus
Hilmar Sigurðsson og Vigdís My
Diem Vo. Strákarnir unnu lengi í
Hörpunni, bæði á Kolabraitinni
og í veitingaþjónustunni og svo
stórðuðu þeir á La Primavera en
síðustu tvö ár hefur Baldvin tek-
ið þátt í ævintýri Sælkerabúðar-
innar en Lárus starfað í Stálvík
sem kom sér vel þegar átti að
klæða eldhúsið með stáli. Vig-
dís lærði konditor og bakara hjá
Sandholtsbakaríu og vann þar í
mörg ár. Eftir meistaraskólann
starfaði Vigdís hjá ísbúðinni
Skúbb og var bakari og konditor
á Edition hóteli í Reykjavík. Þau
þrjú hafa öll brennandi áhuga á
matargerð og draumurinn er að
reka eigin veitingastað. Þess má
geta að Baldvin Lár og Lárus
Hilmar eru afkomendur Siggeirs
og Soffíu sem lengst af sáu um
rekstur hótelsins á Klaustri.

Gistihúsinu var mikið breytt
að innan til að þjóna nýju hlut-
verki en að utan hefur ekki
verið hróflað við neinu en bætt
við palli vestan við húsið. Eig-
endur hússins eru þau Jóna
Björk Jónsdóttir, Haukur Valdi-
marsson, Lilja Magnúsdóttir,
Þuríður Helga Benediktsdóttir
og Birgir Teitsson sem er arki-
tekt hjá Arkís og hannaði breyt-
ingarnar á húsinu. Húsið keyptu
þau af Eldvilja ehf. vorið 2020
en framkvæmdir hófust í byrjun



árs 2022 þegar samið var við
rekstraraðila Kjarrsins. Mark-
miðið eigendanna var að kaupa
húsið og gera það þannig úr
garði að sem flestir gætu notið
þess og að það nýttist samfélag-
inu til heilla. Telfa eigendur að
það hafi tekist þrýðilega með
opnum veitingastaðar þar sem
verða sögulegir hlutir og myndir
á veggjum veitingahússins.

Það var sérlega ánægjulegt
að nánast allir iðnaðarmenn sem
komu að framkvæmdunum voru
heimamenn í Skaftárhreppi.
Ber þar fyrst að nefna fyrirtæki
Ólafs Hans Guðnasonar raf-
virkjameistara, ÓHG raflagnir,
sem vann þrekvirkni með að
setja rafmagn og öryggiskerfi
í allt húsið. Tæki og töl sem
notuð eru í nútímalegu eldhúsi
eru mörg og allt þarf rafmagn.
Byggingarfyrirtækið RR tréverk
sem feðgarnir Rúnar Páll Jóns-
son og Ragnar Smári Rúnarsson
reka, sá um mikinn hluta smíða-
vinnunnar ásamt Tröllhamri sem
er smíðafyrirtæki í eigu Bene-
dikts Lárussonar. Pétur Davíð
Sigurðsson á Búlandi sá svo um
pípulagnirnar. Dúkararnir komu
úr öðrum byggðarlögum frá
fyrirtækunum Gólfefni og Harð-
viðarval. Enn er eftir að nefna
einn snjallan og hjálpsaman
sveitunga, Skúla Jónsson, sem
smíðaði hurðir fyrir salernin
og aðstoðaði eigendur við að
panelleggja í salnum. Vilja eig-
endur koma á framfæri þökkum
til allra sem komu að verkinu.
Þetta var mikið verkefni sem
hófst í byrjun febrúar og tókst
að ljúka á innan við fimm mán-
uðum.

Vonandi á þessi ný veitinga-
staður eftir að vera staður fyrir
íbúa og gesti í Skaftárhreppi til
að koma saman, borða góðan
mat og njóta náttúrunnar í þessu
fallega umhverfi við Systrafoss.

Allar nánari upplýsingar um
veitingastaðinn má finna á kjarr-
restaurant.is. *Aðsent*

1 Íslandsmet, 2 Mótsmet, 5 HSK-met og 19 Íslandsmeistaratitlar

Meistaramót Íslands 11-14 ára var haldið á Akureyri um síðustu helgi. Frábær árangur náðist hjá okkar krökkum á mótinu sem voru 58 sinnum í efstu þremur sætum og þar af 19 sinnum í fyrsta sæti, ekkert annað lið fékk fleiri titla eða verðlaun. Í einstökum flokkum urðum við Íslandsmeistarar í 2 flokkum, 14 ára pílta og 12 ára stúlkna. 13 og 14 ára stúlkur og 11 ára piltar urðu í öðru sæti í sínum flokkum. Í heldarstíga-keppni félagar enduðum við í 2. sæti, 6,5 stigum á eftir ÍR sem fengu 777 stig en við 770,5 stig. Skemmtileg keppni og frábær árangur.

Í öllum flokkum var keppt með breyttu sniði í ár. Í 11-12 ára flokkum tóku allir keppendur þátt í fjölþraut sem samanstendur af 6 greinum. 10 stíga-hæstu einstaklingarnir fengu verðlaun fyrir þrautina. Í 13-14 ára flokkum voru fleiri greinar í boði en áður, þrístökki, kringlukast, 300 m grind og 2.000 m hlaup bættust við í ár.

Íslandsmet

Besta árangri einstaklinga náði Bryndís Embla Einarsdóttir (13 ára) þegar hún setti Íslandsmet í spjótkesti í sínum flokki og kastaði 39,50 m og bætti 10 ára gamalt met Höllu Maríu sem einnig var frá Selfossi.

Mótsmet

Hjálmar Vilhelm setti glæsilegt mótsmet í kúluvarpi þegar hann varpaði kúlunni 13,28 m og árangurinn í spjótkestinu hjá Bryndísi Emblu er auðvitað líka mótsmet.

HSK-met

Alls voru sett 5 HSK-met á mótinu. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson

(14 ára) stökk 11,71 m í þrístökki, Helga Fjóra Erlendsdóttir (13 ára) hljóp 300 m á 47,53 sek og Bryndís Embla Einarsdóttir (13 ára) hljóp 2.000 m á 9:03,87 mín og í spjótkestinu með 39,50 m setti hún 2 HSK met í flokkum 13 og 14 ára.

Verðlaunasæti

14 ára flokkur

Hjálmar Vilhelm vann 6 Íslandsmeistaratitla, í 300 m, hástökki, þrístökki, kúluvarpi, kringlukasti og spjótkesti, hann varð einnig þriðji í 80 m, 800 m og langstökki, Ívar Ylur Birki-sson varð Íslandsmeistari í 80 m grind og 300 m grind, annar í 80 m, 300 m, langstökki og hástökki með sömu hæð og Hjálmar og þriðji í kúluvarpi, Vésteinn Loftsson (14) varð annar í 80 m grind og kringlukasti og þriðji í spjótkesti.

14 ára strákar urðu svo Íslandsmeistarar í 4x100 m hlaupi (Hjálmar, Ívar, Vésteinn og Kormákur (13) og í sínum flokki í stigakeppninni.

Hugrún Birna Hjaltadóttir varð í öðru sæti í 300 m grind og þriðja í 300 m, 800 m og 2.000 m hlaupum, Sara Mist Sigurðardóttir varð önnur í 2.000 m hlaupi og Berglind María Magnúsdóttir varð þriðja í kringlukasti.

14 ára stelpurnar urðu í öðru sæti í stigakeppninni í sínum flokki.

13 ára flokkur

Helga Fjóra Erlendsdóttir vann 5 Íslandsmeistaratitla, í 80 m grind, 300 m grind, hástökki, langstökki og þrístökki. Hún varð einnig önnur í 80 m og 300 m hlaupum. Bryndís Embla Einarsdóttir varð Íslands-

meistari í spjótkesti og 2.000 m hlaupi. Hún varð einnig önnur í 800 m, kúluvarpi og í hástökki með sömu hæð og Helga Fjóra og í þriðja sæti í 300 m grind og kringlukasti. Aldís Fönn Benediktsdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi. Arndís Eva Vigfúsdóttir varð önnur í kringlukasti og í þriðja sæti í hástökki.

13 ára stelpurnar urðu svo í þriðja sæti í 4x100 m hlaupi (Helga Fjóra, Bryndís Embla, Arndís Eva og Aldís Fönn) og í þær urðu í öðru sæti í stigakeppninni í sínum flokki.

12 ára flokkur

Adda Sóley Sæland varð í efsta sæti í spjótkesti, önnur í kúluvarpi og þriðja í 400 m hlaupi. Anna Metta Óskarsdóttir varð önnur í spjótkesti og þriðja í langstökki og þrístökki. Þórunn Eyland Gunnarsdóttir varð þriðja í spjótkesti.

12 ára stúlkurnar urðu Íslandsmeistarar í stigakeppninni í sínum flokki.

Í fjölþrautinni varð Adda Sóley í þriðja sæti, Anna Metta í fjórða sæti og Þórunn í sjötta sæti.

11 ára flokkur

Magnús Tryggvi Birgisson kastaði lengst allra í kúluvarpinu. Jósúa Eldar Ragnarsson varð annar í kúluvarpi og þriðji í spjótkesti. Hróbjartur Vigfússon varð þriðji í hástökki og kúluvarpi.

Í fjölþrautinni varð Hróbjartur í tíunda sæti.

Öll nánari úrslit og árangur má skoða á <http://mot.fri.is/Mot-FRI/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=MI1114-22>

HSK



Velkomin til Víkur – höfðingleg gjöf

Í mörg ár hefur fallett tréskilti eftir Jón Gunnar Jónsson með bláum grunni og svörtum dröngum, boðið gesti Víkur velkomna. Í einu óveðrinu í vetur fauk það af stalli sínum og brotnaði þannig að ekki var hægt að gera við það. Kamil og Kasia Zachariasz, ungir listamenn sem koma frá Pólandi og hafa búið hér sl. 3 ár, komu færandi hendi með nýtt skilti og vildu gefa sveitarfélaginu sem þau hafa kolfallið fyrir og segjast hvergi annarstaðar vilja búa, nýtt skilti. Skiltið er unnið úr við sem þau eru að endurnýta úr sínu nánasta umhverfi. Frá því að þau fluttu til Víkur hafa þau verið að þróa aðferðina sem þau nota við framleiðsluna og eru að búa til m.a. samskonar lítul skilti sem þau hafa verið að selja hjá Holly í Skoolbeans undir merkinu K&K woodart.



Myndin er tekin þegar Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri tók formlega við gjöf-inni. Mynd: Mýrdalshreppur.

Fjölskylduhátíðin Kotmót haldin hátíðlega um Verslunarmannahelgina

Um Verslunarmannahelgina fer fram fjölskylduhátíðin Kotmót en hún hefur verið haldin árlega í yfir 70 ár. Að venju er glæsileg dagskrá og fjöldi viðburða fyrir alla aldurshópa, s.s. tónleikar, samkomur, karnival og sérstaklega vönduð dagskrá fyrir börn og unglinga.

Eins og áður er hátíðin haldin í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð þar sem Hvítasunnukirkirkjan á Íslandi á og rekur einstaklega

góða aðstöðu til hátíðahalda. Þar eru m.a. tveir samkomusalir sem taka 800 og 400 manns auk veitingaaðstöðu innandyrna sem tekur hundruð manna í sæti. Svæðið er skógi vaxið og tjaldstæði góð.

Allir eru velkomnir á mótið hvort sem er að hluta eða heild. Aðgangur er ókeypis á alla viðburði en greitt er fyrir gistingu. Nánari upplýsingar má finna á www.kotmot.is.



HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintappabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiibbii
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsvíllur
Sími 772 6010

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is